


BAKKAÁ 1990

TUMI TÓMASSON

Hólum, apríl 1991

VMST-N/91001X

~~VEIÐIMÁLASTOFNUN~~  
~~...~~



VEIÐIMÁLASTOFNUN  
Norðurlandsdeild

BAKKAÁ 1990

TUMI TÓMASSON

┌ Hólum, apríl 1991

VMST-N/91001X ┐

VEIÐIMÁLASTOFNUN  
*Bókasafn*



**VEIÐIMÁLASTOFNUN - NORÐURLANDSDEILD**  
Hólum, Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

## BAKKAÁ 1990

### INNGANGUR

Seiðastofnar Bakkaár voru kannaðir með rafveiðum 21/8 1990. Helsti tilgangur könnunarinnar var að meta útbreiðslu, vöxt og aldurssamsetningu náttúrulegra laxaseiða og að athuga afdrif sleppiseiða undanfarandi ára. Sumarið 1989 var sleppt smáseiðum ofarlega í ána, fyrir ofan þann stað sem venjulega er efst rafveitt á. Að þessu sinni var rafveitt á tveimur stöðum þar fyrir framan (staðir 1 og 0, sjá Mynd 1).

Sumarið 1990 var ekki sleppt smáseiðum í Bakkaá, enda ekki talið ráðlegt í ljósi athugana 1989. Ein leið til að meta árangur seiðasleppinga er greining hreistursýna af fullorðnum laxi. Slík sýni hafa hinsvegar ekki borist s.l. tvö sumur, en bæði rafveiðar og greining hreistursýna frá fyrri árum benda til að þær hafi almennt gefist vel.

### NIDURSTÖÐUR RAFVEIÐA

Samantekt á fjölda, aldurssamsetningu og lengdardreifingu veiddra laxaseiða eftir veiðistöðum er að finna í Töflu 1 og á Mynd 2. Að auki veiddust örfá urriðaseiði, einkum ofarlega í ánni. Ein bleikja 20.7 cm og nýkominn úr sjó, veiddist á neðsta staðnum. Ekki er að sjá sem bleikja hrygni í Bakkaá.

Náttúruleg 1+ laxaseiði (úr klaki 1989) fundust á öllum rafveiðistöðunum og eins virtist að sá árgangur vera jafnara dreifður um ána en var haustið 1989. Einungis eitt vörgamalt seiði fannst við rafveiðarnar að þessu sinni, á stað 6. Seiðið var smátt miðað við árstíma. Seiðin voru allstaðar vel haldin og mikinn stærðarmunur á 1+ og 2+ seiðum má fyrst og fremst rekja til hve seint voraði 1989, en vatnaskuldi hefur aukin áhrif til vaxtarminnkunar því smærri sem seiðin eru. Lítil ummerki um 0+ seiði benda til að áin hafi einnig verið fremur köld sumarið 1989.

### UMMRÆÐA OG ALYKTANIR

Ekki var gengið alveg fram að vatninu en áin var orðin mjög lítil þar sem veitt var á stað 0, einungis um 2 m á breidd. Botngerð var hinsvegar góð, sæmilegur halli á ánni og grýtt brot innanum. Líkast til er áin svona allt fram að vatni en þetta svæði er þó lítið miðað við heildaruppeldissvæði árinna. Áin rennur hlykkjótt um flatar mýrar að mestu milli staða 0 og 1. Þar fyrir neðan er áin hinsvegar mun meiri og breiðari og fallega grýtt allt niður fyrir Bakkaselsvaðið. Eg tel að verði í framtíðinni aftur mælt með seiðasleppingum sé það tæplega erfiðisins virði að fara lengra fram en að mýrinni fyrir framan stað 1.


Það að nú fundust 1+ seiði um alla ána staðfestir að ekki var æskilegt að sleppa seiðum 1990 og magn þeirra og smæð gefur ekki tilefni til frekari smáseiðasleppinga sumarið 1991. Þótt ekki hafi fundist nema eitt vörgamalt seiði í rafveiðunum nú er ekki þar með sagt að grípa þurfi inn í með seiðasleppingum 1992. Það er of snemmt að afskrifa þennan árgang, auk þess sem mikið veltur líka á hvernig klakið vorið 1991 kemur út.

Þau svæði sem venjulegast er þörf að sleppa á, þ.e. í gilið og svo fyrir framan Bakkaselsvað, eru lauslega áætluð um Þriðjungur af heildarframleiðslugetu árinna á laxgengum svæðum. Mér sýnist að sleppingar fyrri ára hafi nú leitt til þess að á þessum stöðum eru nú náttúruleg seiði en tel þó að það geti þrátt fyrir það verið áráskipti á hvort þörf sé að grípa inn í með seiðasleppingum. Það fer mikið eftir verðmæti árinna hvort verjandi sé að gera árlega úttekt á seiðastofnum hennar. Miðað við þá þróun sem hefur orðið á undanförunum árum gæti athugun annað hvert ár verið nægileg trygging gegn slakri nýtingu á uppeldisskilyrðum árinna.


Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða af mismunandi aldri í Bakkaá 21/8 1990. Veiðistaðir eru merktir inn á kort (Mynd 1).

Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m<sup>2</sup>

Staður nr	Stærð m	Lax						Urr >0+
		0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	
0	80x2	-	0.6	3.1	-	0.6	-	3.7
1	40x7	-	1.1	2.5	-	1.4	-	1.4
2	30x6	-	7.2	6.1	-	3.3	-	-
3	35x10	-	3.7	1.4	-	1.1	-	0.3
4	40x8	-	10.0	-	5.9	-	-	-
5	30x10	-	7.8	-	2.3	-	1.0	-
6	30x8	0.4	-	-	8.3	-	9.6	0.8
7	30x10	-	3.3	-	5.0	-	2.3	-
8	30x10	-	1.7	4.7	-	1.3	-	-



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Bakkaá.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Bakkaá 21. ágúst 1990. Veiðistaðirnir eru merktir inn á kort. (Mynd 1).